



Flutningur þjónustu við
fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga

Viðbrögð skólayfirvalda í Reykjavík

Ráðstefna

26. október 2011



Skólinn

- Flest fötluð börn eru í almennum skólum
- Nemendur með stuðning í skóla eru ánægðari í skólanum að mati foreldra en nemendur sem ekki fá stuðning
- Hlutfall foreldra sem taldi börn sín ánægð í skólanum var áberandi lægst í Reykjavík
- Fleiri foreldrar í Reykjavík töldu börn sín þurfa meiri stuðning en foreldrar annars staðar á landinu
- Foreldrar nefndu oftast að skóli barnsins hefði veitt þeim mestan stuðning af aðilum þjónustukerfisins



Umhugsunarefni

- **Foreldrar yngri barna** líklegri til að telja þau ánægð í skóla
 - Sambærilegt við niðurstöður kannana um viðhorf foreldra í Reykjavík til grunnskólastarfs
- **Foreldrar barna með ADHD og/eða mótþróa-þrjóscuröskun** ólíklegri til að telja börnin ánægð í skólanum
 - Hvað veldur – menntun kennara – skortir stuðning við kennara – skortur á umburðarlyndi – nám við hæfi?
- Algengasta ástæða óánægju barna í skóla var **aðkast og félagsleg einangrun**
 - Hvernig getum við aukið skilning, virðingu, umburðarlyndi í skólunum og hjá börnunum okkar?



Umhugsunarefni

- Margir foreldrar telja börn sín þurfa **meiri aðstoð og stuðning** í skóla en þau fá
 - Erum við nýta þau úrræði sem við höfum í skólunum nógu vel og til hagsbóta fyrir alla nemendur og skólasamfélagið?
- Margir foreldrar eru óánægðir með **menntun barna** sinna
 - Gerum við of litlar kröfur til þeirrar menntunar sem hver nemandi á að fá?



Framkvæmd sérkennslu í Reykjavík

- Hlutfall nemenda sem fær sérkennslu hefur jafnt og þétt aukist frá 1999
- Hlutfall nemenda sem fá tímabundna sérkennslu hefur aukist úr 6 – 9% nemenda 2005 í 31% 2010
- Vísbendingar eru um aukinn sveigjanleika í sérkennslu jafnframt því sem fleiri nemendur njóta hennar í mismunandi mæli



Framkvæmd sérkennslu í Reykjavík

- Þroskaþjálfum hefur fjölgað í skólum frá 2005 og eru starfandi í námsverum í 20 skólum



- Áherslur í sérkennslu eru á lestur, stærðfræði, almennan stuðning í námi, félagsfærni og hegðunarmótun.



Könnun um þekkingu og þjónustu varðandi nemendur með raskanir á einhverfurófi

- **Veruleg aukning á fjölda greindra tilfella** með einhverfu/einhverfurófsröskun undanfarin ár
- Í 82% skóla var **starfsfólk með sérþekkingu** á einhverfurófsröskunum
- **Meirihluti skóla** hefur fengið til sín eða sent starfsfólk á námskeið um einhverfurófsraskanir
- Um 90% svarenda **töldu vera góða þekkingu innan skólans** til að mæta þörfum nemandans
- Lang oftast var þorri nemenda með einhverfurófsraskanir **með jafnöldrum meginhluta skóladagsins**
- Að **gerð einstaklingsáætlana** komu oftast foreldrar og umsjónarkennarar en aðeins 5% nemenda



Reykjavík – framtíðarsýn

- Endurskoðun stefnu um sérkennslu með áherslu á:
 - gildi **lýðræðis, jafnréttis, mannréttinda og virðingar**
 - að hver nemandi er einstakur og **margbreytileikinn er auðlegð**
 - sveigjanlega og fjölbreytta náms- og kennsluhætti sem **mæta þörfum allra** nemenda í **námsumhverfi án aðgreiningar**
 - að leitað sé nýrra leiða til að **styðja við nám, virkni og þátttöku allra** nemenda í námssamfélagi án aðgreiningar
 - stuðning við nemendur sem hluti af almennu skólastarfi og **sameiginleg ábyrgð** starfsfólks



Reykjavík – framtíðarsýn

- Við hvern skóla sé starfrækt **miðstöð ráðgjafar, stuðnings og þjónustu við nemendur** í skóla án aðgreiningar.
- Sérskólar, sérúrræði og aðrir grunnskólar borgarinnar efli með sér **samstarf og gagnkvæm tengsl** nemenda og starfsfólks
- **Þáttökubekkir sem samstarfsverkefni** sérskóla og almennra grunnskóla í heimahverfum nemenda
- **Ráðgjöf frá sérskólum** og sérúrræðum innan grunnskóla verði efld og færð sem kostur er inn **á vettvang nemenda** og kennara



Reykjavík – framtíðarsýn

- Tryggð verði **sambærileg þjónusta** í öllum hverfum borgarinnar fyrir alla skóla, nemendur og fjölskyldur þeirra með stofnun **Miðlunartorgs þekkingar**, reynslu og verkefna milli þjónustumiðstöðva.
- Hlíðaskóli sé **tvítyngdur skóli** þar sem íslenskt táknmál og íslenskt talmál eru **jafnrétthá**
- Tillögur til að bæta **viðhorf til nemenda** með þroskahamlanir í grunnskólum
- Tillögur **um ráðgjafarmiðstöð** vegna nemenda með þroskahamlanir í grunnskólum





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið